

Að skrifa góða blaðgrein

Sagt er að sumir séu fæddir rithöfundar eða blaðaskrifbentar og víst er að fáir komast í hóp þjóðskálda. Samt sem áður getur æfing og meðvituð hugsun breytt miklu í þessu efni. Nær allir geta orðið nægilega ritfærir til þess að koma hugsunum og skoðunum sínum á framfæri svo eftir sé tekið. Málfar og stíll skipta miklu máli og góðir íslenskumenn hafa forskot á ritvellingum. En þar með er aðeins hálf sagan sögð. Góðar greinar þurfa að hafa góðan stíganda og rökfærslu eða “strategíu” til þess að þær nái markmiði sínu. Það mun hér verða helst til umfjöllunar. Miðað er við stuttar blaðgreinar.

I. Uppbygging

1.A) Inngangur

Inngangur er nauðsynlegur, jafnvel þó um stuttar blaðgreinar séu að ræða. Hér koma helst tvær leiðir til greina. Sú hin fyrri er að gera örstutta grein fyrir því af hvaða tilefni er verið að skrifa, t.d. með því að nefna þá umræðu sem verið er að taka þátt í og þá síðan lýsa því með nokkrum setningum hvert viðfangsefni greinarinnar er. Seinni leiðin felst í því að hefja mál sitt á stuttri sögu úr daglegu lífi eða reynslu greinarhöfundar til þess að vekja áhuga lesandans. Sú aðferð getur þó verið vandmeðfarin.

Nokkrar ábendingar

- Forðast palladóma eða harðar yfirlýsingar í upphafi greinar. Slíkt gæti vakið vandlætingu og orðið til þess að menga hug lesenda áður en þeir lesa greinina. Jafnvel gætu margir freistast til þess að hætta að lesa þar sem niðurstaðan virðist þegar gefin í upphafi.

B) Meginmál

Þegar inngangi lýkur verðu að vinda sér undanbragðalaust í það sem bitastætt er. Gera hnitmiðaða atlögu að efninu í nokkrum setningum sem síðan er fylgt eftir með nánari útskýringum. Hér skiptir einnig máli að hafa góðan stíganda og byggja upp spennu. Leggja fram röksemdirnar eina af fætur annarri þar til undir lok meginmáls að jarðvegurinn hefur verið undirbúinn undir sáningu ákveðinnar niðurstöðu í huga lesandans. Svipuð aðferð er að leggja fram rök og síðan mótrök sem síðan er ýtt til hliðar með gagnrökum eða öðrum aðferðum sem eyða mikilvægi þeirra. Ritun blaðgreina sem hafa það markmið að setja fram skoðanir eða hafa áhrif á þjóðmálaumræðu er í raun aðeins form af sölumennsku.

Greinarritari þarf að sannfæra lesandann. Hvað varðar ritun stuttra greina um fræðilegt efni gilda nokkuð önnur lögmál sem munu verða rætt betur síðar.

Nokkrar ábendingar

- Forðast að persónugera sjálfan sig. Einnig skal forðast notkun orðsins “maður” þegar höfundur nefnir sjálfan sig, eins t.d. og “maður gerir þetta eða hitt” eða “þetta kemur manni á óvart”. Í stað þess að segja “ég” mætti nota orðfæri eins og “undirritaður” eða “sá sem hér ritar”. Jafnvel er best að reyna forðast slíka orðanotkun alveg ef það er hægt. Þessi háttur skapar hlutleysi og ákveðna fjarlægð frá viðfangsefninu.
- Ef verið er deila á menn og málefni er ágætt að afvopna andstæðinginn með því að hrósa honum annað veifið og jafnvel leggja honum afsakanir í munn. Þannig er mótstöðuaðilum gert auðveldar að kyngja gagnrýni og jafnframt er lesendum gefið í skyn að greinarritari sé ekki rekin áfram af persónulegu hatri eða ofstæki.
- Hófsemi í orðum er dyggð. Þær setningar þar sem hlutir eru gefnir í skyn eða palladómar settir fram sem alvarlegar niðurstöður hafa oft mun meiri áhrif heldur en upphrópanði og stóryrði. Hins vegar skyldu menn ekki víla sér við því að segja það sem þeim raunverulega liggur á hjarta.

Lokaorð

Hér er um margar leiðir að velja. Hægt er að koma með stutta samantekt á því sem undan er gengið. Jafnvel er svigrúm til þess að koma með ábendingar til þeirra sem ættu að bregðast við eða breyta hegðun sinni. Lokaorðin er einnig hægt að nota til þess að rétta fram sátt hönd eftir harðorða gagnrýni, s.s. leggja til niðurstöðu sem allir ættu að geta sætt sig eða lýsa því yfir að andstæðingnum sé ekki alls varnað (ef ákveðnu atriði er kippt í liðinn verður allt í góðu lagi). Að öðrum kosti er hægt að nota lokaorðin til þess að herða enn frekar á umfjöllun greinarinnar eða koma með lokahnykk á röksemdafærsluna.

II. Málfar

Fólk hefur mismunandi ritstíl, en oftast nær er það einfaldleiki sem hentar flestum. Greinarskrif eru ekki endilega próf í ritfærni eða staðfesting á því að höfundur hafi lesið góðbókmenntir og geti vitnað í þær. Röksemdafærslan og boðskapurinn er það sem er aðalatriðið. Slæmur stíll og lélegt málfar geta komið í veg fyrir að hægt sé að miðla upplýsingum til lesenda. En á sama hátt getur uppskrúfaður stíll haft sömu áhrif og farið í taugarnar á fólki, s.s. að setja háfleyg orð inn í textann þar sem þau eru óþörf.

Nokkrar ábendingar

- Þegar grein er skrifuð ber fyrst að huga að merkingu og röksemdafærslu. En þegar nokkuð gott uppkast liggur fyrir er nauðsynlegt að lesa það yfir aftur og huga eingöngu að málfari. Setningar þurfa að vera stuttar og skýrar. Sömu orðin mega ekki koma of oft fyrir og svo framvegis. Þó skal varast að hengja sig of mikið á þumalfingursreglurnar sem voru kenndar í barnaskóla. Bæði Njála og Biblían hafa fjölda setninga sem byrja á “og” svo dæmi sé tekið.
- Til þess að finna hnökra í setningaskipan eða orðasamsetningu er ágætt að lesa textann upphátt fyrir sjálfan sig eða aðra. Þær setningar sem hnotið er um í upplestri þurfa oftast lagfæringar við. Þá ber einnig að forðast ákveðinn greini, þar sem hann lengir setningar og gerir þær óþjálli.
- Eina leiðin til þess að geta skrifað góða íslensku er að lesa góða íslensku, en málfar flestra er aðeins endurómur af því tungutaki sem þeir hafa heyrt og lesið um ævina. Þeir sem taka málnotkun alvarlega verða jafnframt að kunna fjölbreytilega beitingu málsins og vera vel lesnir. Flestir hafa takmarkaðan tíma og því ber að vanda valið þegar bækur teknar til lesturs. Hér verður að mæla með klassískum verkum, s.s. fornsögum og þjóðsögum, en einnig verkum eftir núlifandi rithöfunda sem kunna vel að beita stílvopni. Íslenskan hefur mótast af mörgu leyti af gamla sveitasamfélaginu, samanber orðtök og málshætti sem viðgangast, en samt er vel hægt að skrifa góðan stíl án þess að tala eins og gamall sveitamaður.

III. Yfirvegum

Halldór Laxness sagði eitt sinn að hann vissi ekki fyrir en morguninn eftir hvort honum hefði tekist vel upp með skriftir. Það sem átti við um Nóbelskálðið á við um fleiri. En fyrir flesta höfunda er það nauðsynlegt að sofa á blaðagreinum eða öðru rituðu efni áður en þær eru sendar til birtingar. Oft ríkir mikill stemmingarmunar á milli daga. Nær allir sjá eftir því sem skrifað er í reiði eða hugaræsingi, en almennt veitist mönnum það auðveldar að meta sjálfan sig í hlutlægan hátt eftir að hafa sofið á málinu í eina eða tvær nætur. Þetta á bæði við um málfar og röksemdafærslu.

Nokkrar ábendingar

- Nauðsynlegt er einnig að fá 2-3 aðila til þess að lesa yfir greinina áður en hún er send. Ef hún er fræðilegs eðlis er ágætt að fá einhvern með fræðilega þekkingu til þess að

veiða úr rökvillur eða missagnir. Með því er oft hægt að komast hjá skömmum og vandræðum síðar meir. Einnig gæti verið gott að fá umsagnaraðila sem er ófaglegur og þá fulltrúi fólksins í landinu. Ef hann skilur ekki hvað verið er að fara með greininni, að þá eru góðar líkur á því að þjóðin gangi einnig í þoku. En mikilvægast af öllu er að fá einhvern til þess að lesa yfir sem er treystandi til þess að segja skoðun sína umbúðalaust. Ef eitthvað er að greininni verður höfundur að fá að vita af því, jafnvel þó fyrstu viðbrögð hans kunni að mótast af gremju.

IV. Ritdeilur

Ritdeilur eru tiltölulega algengar hérlandis. Þær eru ekki alltaf eftirsóknarverðar og sumir fylgja þeirri reglu að svara aldrei ef á þá er ráðist í riti. Aðrir reyna að haga skrifum sínum þannig að þeirri áreiti ekki persónur eða fyrirtæki með þeim hætti að knúnar séu fram svargreinar. En sú staða getur þó hæglega komið upp að menn þurfi að verja hendur sínar eða hrekja rangfærslur.

Nokkrar ábendingar

- Ritdeilur verða að vera um atriði sem skipta máli og eiga einnig erindi við þjóðina. Ef snerran snýst um lítilvæg atriði, að þá geta endurtekin blaðaskrif valdið miklum leiða og slæmu umtali meðal almennings.
- Svargreinar verða að vera stuttar og hnitmiðaðar til þess að þær séu lesnar og nái tilgangi sínum. Ekki þýðir heldur að gera ráð fyrir því að allir hafi lesið fyrstu greinarnar og því er nauðsyn að vísa í það sem þegar er komið fram þannig að svörin séu túlkuð í réttu samhengi.
- Yfirleitt er það æskilegt að slíkar deilur dragist ekki á langinn. Ef tónninn hefur verið harður í upphafsgreininni, sem síðan kallaði á svar, getur það verið athugandi að sýna meiri hófsemi í andsvarinu til þess að binda enda á skrifin.
- Ef lagt er úti blaðadeilur á annað borð verður það að vera gert með fullum huga og án þess að biðja afsökunar á sjálfum sér eða því sem var skrifað. Jafnvel þó um einhver mistök hafi upphaflega verið um að ræða af þinni hálfu. Eða eins og skáldið orti: *Það er þó ávallt búningsbót/ að bera sig karlmannlega.*

V. Netmiðlar

Íslensk blaðamennska hefur óðum verið að færast inn á netið, enda hafa flestir landsmenn aðgang að tölvum í vinnu eða á heimilum. Sú meinloka virðist ríkjandi að skrif í netmiðla séu

bundin öðrum lögmálum en gengur og gerist með dagblöð. Þess vegna geti menn t.d. leyft sér að sýna óvandaðri vinnubrögð hvað varða heimildavinnu á vefnum. Þetta er alrangt. Þau orð sem koma fyrir sjónir lesenda eru alltaf söm hvar sem þau birtast og eru ávallt tengd við þann sem ritar.

- Með tilkomu vef tímarita og tölvupósta hefur bráðræði aukist mikið í riti og samskiptum manna á milli. Flestir hafa örugglega orðið fyrir því að senda tölvupóst sem ekki er nógu vel ígrundaður. Slíkur póstur er öðruvísi en símtöl að því leyti að hann er til staðar eftir að skoðanaskiptin eiga sér stað og hægt er að nota hann gegn höfundi á ýmsan hátt síðar meir. Orðtakið að sanna svart á hvítu er enn í fullu gildi þrátt fyrir alla tæknivæðingu. Því ber að sýna varúð á vefnum.
- Athuga skal vel heimildir sem berast manna á milli með tölvupósti og geta ekki verið raktar til uppruna. Slíkar upplýsingar eru oft ekkert annað en kjaftasögur.